

9. apríl 1990

457

Nr. 171

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

21. gr. orðist svo:

Í úthlutunarreglum skal m.a. tekið tillit til eftirfarandi atriða er varða hagi umsækjanda:

- a) Framfærslukostnaður á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðalags og gengis. Sjóðstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.
- b) Námskostnaður í viðkomandi námsgrein á námsstað.
- c) Lengd árlegs námstíma.
- d) Fjölskylduaðstæður námsmanns.
- e) Tekjur námsmanns og maka hans eða möguleikar á tekjuöflun, t.d. utan árlegs námstíma.
- f) Skattar sem námsmaður eða maki greiða á sama tíma og nám eða tekjuöflun fer fram.
- g) Aðstaða sem einhleypur námsmaður nýtur af hálfu foreldra eða kjörforeldra, t.d. húsnæði.
- h) Ferðakostnaður barna og maka.

Óvígð sambúð er í störfum sjóðsins lögð að jöfnu við hjúskap, ef sambúðaraðilar eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur staðið samfleytt í 2 ár.

Í reglum sjóðsins skal á hverjum tíma gæta samræmis milli þess að hvaða leyti námsmanni telst skylt að framfæra maka sem getur ekki aflað tekna og þess sem tekjuhár maki telst leggja til framfæris námsmanns.

Auk þeirra hækkana sem um getur í staflið a) og hækkunar um 7,5% 1. mars 1989 og 5,0% 1. september 1989 hækki framfærslugrunnur námslána um 6,4% 1. september 1990.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 9. apríl 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*